

Ed.

253. Nefndarálit

[65. mál]

um frv til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið upplýsingar varðandi það hjá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sverri Þorbjörnssyni. Nefndarmenn eru allir sammála um, að mikil bót sé að breytingum þeim, sem í frv. felast. Nefndarmenn telja, að fleiri breytingar á lögnum séu æskilegar. Meiri hl. nefndarinnar (PP, AuA, KJJ) vill þó samþykkja það óbreytt nú vegna þeirrar yfirlýsingar hæstvirtis félagsmálaráðherra, að nefnd verði skipuð til að athuga lögin og gera tillögur um frekari breytingar og væri ætlað til, að tillögur þeirrar nefndar gætu komið fyrir næsta þing. Minni hl. (KK og AGI) mun skila sérstökum nefndarálitum, þar sem þeir gera grein fyrir þeim brtt., sem þeir vilja leggja til að gerðar séu á frv. nú. Að öðru leyti mun nánari grein gerð fyrir frv. í framsögu.

Alþingi, 29. marz 1960.

Pétur Pétursson,
form.

Kjartan J. Jóhannsson,
fundaskr., frsm.

Auður Auðuns.